

Landbúnaðarháskóli Íslands
Árleyni 22
112Reykjavík

Garðabær, fimmtudagurinn, 21. ágúst 2025
202508-0033/Á.G.
10.01.01

Efni: Umsókn um leyfi - Rannsóknir á friðlýstum svæðum – Orravatnsrústir, Guðlaugs- og Álfgeirstungur

Náttúruverndarstofnun hefur mótttekið umsókn Landbúnaðarháskóli Íslands, dagsett 12.8.2025, um leyfi vegna rannsóknar verkefnisins ICEMIRES innan Friðlandsins Guðlaugs- og Álfgeirstungum.

Guðlaugstungur, Svörtutungur og Álfgeirstungur voru friðlýstar sem friðland sbr. [auglýsing nr. 1150/2005](#). Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi, svo og breytingar á rennsli vatna og vatnsborðshæð, eru óheimilar nema til komi leyfi Náttúruverndarstofnunar og sveitarstjórnar Húnabyggðar. Umferð vélknúinna ökutækja í friðlandinu er aðeins leyfð á vegum.

Orravatnsrústir er ekki friðlýst svæði og því ekki í umsjón Náttúruverndarstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Um er að ræða töku jarðvegskjarna með jarðvegsbor í rústmýrasvæðið á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands í tengslum við verkefnið ICEMIRES. Borkjarnasýnin verða tekin með Wardenaar bor. Tveir einstaklingar munu fara, tvo daga seint í september 2025, á fjóra til sex staði innan umrædds svæðis og sjá um sýnatökuna. Rask veður haldið í lágmarki.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur að rannsóknin muni ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins, lífríki, jarðminja eða gesti svæðisins sé skilyrðum leyfisins fylgt. Stofnunin lítur á að niðurstöður rannsóknarinnar komi til með að nýtast við umsjón og vernd svæðisins.

Niðurstaða:

Náttúruverndarstofnun veitir Landbúnaðarháskóli Íslands fyrir sitt leyti leyfi fyrir sýnatökunni með jarðvegsbor innan Guðlaugs- og Álfgeirstungum sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð rannsóknarsvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, og um leið afmá öll ummerki verkefnisins.
- Sýnataka er eingöngu fyrir ofangreint verkefni og óheimilt er að afhenda þriðja aðila sýnin í gróðaskyni.
- Sýnataka skal fara fram þar sem ummerki um hana eru ekki sýnileg gestum og afmá ummerki að sýnatöku lokinni.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Náttúruverndarstofnun óskar eftir því að fá aðgang að niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds ef þess verður óskað af hálfu stofnunarinnar.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfi sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Leyfi Náttúrufræðistofnunar þarf ef flytja á sýni úr landi.

Leyfisgjald:

Náttúruverndarstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um starfsemi, viðburði, rannsóknir og athafnir er kr. **62.400**. sbr. 7. gr. a. gjaldskrá Náttúruverndarstofnunar nr. 354/2025.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdinni og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af starfsmanni Náttúruverndarstofnunar.

Valdimar Kristjánsson
svæðissérfræðingur

Ármann Guðmundsson
sérfræðingur